



Margrét Árnadóttir hóf söngnám við tónlistarskólann í Mosfellsbæ árið 1992 hjá Guðrúnu Tómasdóttur og Ólafi Vigni Alberssyni. Stuttu síðar lá leið hennar norður til Akureyrar þar sem hún lagði stund á kennaranám við Háskólann þar í bæ. Samhliða háskólanáminu stundaði hún söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri hjá Michael Jón Clarke. Eftir að hafa lokið kennaraprófi snéri hún aftur í stórborgina og hóf nám við Söngskólann í Reykjavík þar sem hún naut m.a. handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Iwonu Aspar Jagla. Þaðan lauk hún burtfararprófi vorið 2001. Strax um haustið hélt Margrét út fyrir landsteinana, nánar tiltekið til Vínarborgar í Austurríki, sótti um í Ljóða- og Óratoríudeild Tónlistarháskólans þar í borg og var tekin inn undir handleiðslu próffessoranna Charles Spencer og Ralf Döring. Árið 2003 lauk hún prófi frá þeirri deild og ári síðar frá Óperudeild skólans. Þar naut hún handleiðslu Michael Temme, Leo Plettner og Richard Pfadenhauer. Fór hún með hlutverk Musettu í La Bohème eftir Verdi, þjónustustúlkunnar í La finta giardinera eftir W.A.Mozart og Emily í The Globolinks í uppfærslum tónlistarháskólans. Eftir námið fluttist hún til Stuttgart í Þýskalandi þar sem aðalhlutverk hennar var að leikstýra heimili auk þess sem hún skrapp í verkefni hjá Piccolino-óperunni sem flytur vasaútgáfur af óperum eins og Bastian & Bastianne og Töfraflautunni eftir Mozart. Margrét hefur í gegn um árin komið fram sem einsöngvari við ýmis tækifæri og tók hún þátt í uppfærslu Borgarleikhússins á söngleiknum Söngvaseiður, þar sem hún gekk tímabundið í klaustur. Einnig hefur hún haldið ýmsa einsöngstónleika með þemabundnum efnisþræði t.a.m. Álfatónleika í Listasafni Mosfellsbæjar með Iwonu Ösp Jagla, Vetrarsálmar í Víðistaðakirkju ásamt Baldvini Eyjólfssyni gítarleikara svo fátt eitt sé nefnt.

Ívar Helgason er að verða landanum kunnur eftir að hafa staðið á sviði í 25 ár. Hann hóf söngleikjaferil sinn í titilhlutverki barnaóperunnar Litli sótarinn eftir Benjamin Britten í uppfærslu Íslensku óperunnar 11 ára gamall og hefur Ívar verið viðloðandi sviðið allar götur síðan. 19 ára hóf hann nám í klassískum söng við Tónlistarskólann í Hafnarfirði hjá Eiði Ágústi Gunnarssyni og seinna við Söngskólann í Reykjavík þar sem hann naut m.a. handleiðslu Bergþórs Pálssonar, Guðmundar Jónssonar og Iwonu Aspar Jagla. Hann fór til

Vínarborgar 2001 og nam þar við söngleikjadeild Tónlistarháskólans þar í bæ. Næstu 4 árin urðu að þeysireið, þar sem Ívar tók þátt í ýmsum stóruppfærslum í Austurríki, Þýskalandi, Ítalíu og Sviss. Eftir að hann kom aftur heim til Íslands, hefur hann unnið áfram að tónlist sinni, gefið út jólahljómdisk og tekið þátt í uppfærslum á vegum Þjóðleikhússins, Silfurtunglsins og Leikfélags Akureyrar. Hann hefur lokið söngkennararéttindum við The Associated Board Royal Schools of Music, kennt söng við Söngskólann í Reykjavík og nú við Tónlistarskólann á Akureyri. Ívar lék nýlega í Gulleyjunni, Svörtu kómedíunni, Saknað og Hárinu hér á Akureyri og leikstýrði Óperu-blóti á vegum Tónlistarskólans á Akureyri og "Berness? Já, takk og franskar á milli!" sem sett var upp í Sjallanum á vegum leikfélagsins Grímurnar.